

7. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 23. ágúst 2016 kl. 08:30-09:30

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, og Sigrún Blöndal, formaður SSA.

Aðrir: Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Ragnhildur Hjaltadóttir (IRR), Sigríður Auður Arnadóttir (UAR), Guðrún Ögmundsdóttir (FJR), Eva Magnúsdóttir (ANR), Ingvar Pétur Guðbjörnsson (ANR), María Reynisdóttir (ANR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra kynnti Óskar Jósefsson, nýjan framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála, fyrir fundarmönnum. Þá stakk hún upp á því að stjórnin myndi ákveða að funda á föstum tímum, t.d. kl. 8:30 (fyrir ríkisstjórnarfund) fyrsta þriðjudag í mánuði og halda aukafundi eftir þörfum.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt með smávægilegum breytingum varðandi boðun forfalla.

2. Staða verkefna – forgangsmál haustið 2016.

Óskar Jósefsson kynnti stöðu þeirra verkefna sem í gangi eru hjá Stjórnstöð ferðamála fyrir fundarmönnum og ræddi um framhald þeirra. Um sjö verkefni er að ræða. Varðandi *salernismálin* kom fram að áfangaskýrsla um rekstrarform væri væntanleg um næstu mánaðamót og á næsta fundi ætti því að vera hægt að taka ákvörðun um framhaldið, t.d. hvort ráðast ætti í útboð gagnvart einkaaðilum. Jafnframt þyrfti að skoða lagaleg atriði, t.d. eignarréttarlegs eðlis eins og hvar væri hægt að koma fyrir salernum og hvar ekki. Samningur við erlendan ráðgjafa um svokallað *DMP-verkefni* væri svo gott sem tilbúinn og fyrirhugað að funda með honum í byrjun september. Síðan tækju við fundir með markaðsstofum og val á „pilot“-verkefni. Varðandi *samræmda aðferðafræði til að meta áhættu á ferðamannastöðum* kom fram að verkefnið væri í byrjunarfasa. Samningur við Guðfinnu S. Bjarnadóttur vegna skýrslu hennar og áframhaldandi vinnu við *hæfni og gæði í ferðaþjónustu* gildir til áramóta, og

fyrir liggur að þörf er á 38 m.kr. á árinu 2016 til að hrinda verkefninu í framkvæmd. *Sviðsmyndagreining* um framtíð ferðaþjónustunnar á Íslandi sem KPMG hefði unnið væri tilbúin og þyrfti að kynna á næstunni. Samningar við ýmsa aðila vegna vinnu við *áreiðanleg gögn í ferðaþjónustu* væru á lokastigi og svo þyrfti að taka ákvörðun um mögulega kynningu á skýrslu um *gjaldtökuleiðir*. Óskar stakk upp á því að þær þrjár skýrslur sem hann hafði nefnt, um hæfni og gæði í ferðaþjónustu, sviðsmyndagreiningu og gjaldtökuleiðir, yrðu kynntar á stórum opnum fundi í byrjun september á þeim forsendum að þarna væri um að ræða hlutlausar niðurstöður sérfræðinga sem ekki væru bindandi á nokkurn hátt. Fundarmenn ræddu málið sín á milli og heyrðust þau sjónarmið varðandi gjaldtökuheimildirnar að þar væri um umfangsmikið mál að ræða sem ef til vill ætti ekki heima á slíkum fundi. Á móti var bent á að mikilvægt væri að þeir möguleikar sem stöðugt væru í umræðunni lægju fyrir með óháðum hætti sem úttekt fyrir Stjórnstöðina og sýndu með þannig með opnum og upplýsandi hætti fram á vinnu hennar. Í því fælust engin skilaboð um að búið væri að mynda stefnu um framhaldið á grundvelli gagnanna. Eins var rætt um það að hætt væri við því að þrýstingur á fjármagn myndaðist um leið og hugmyndirnar í skýrslunum, sérstaklega varðandi hæfni og gæði í ferðaþjónustu, væru gerðar opinberar. Til að fá betur borgandi ferðamenn þyrfti menntað starfsfólk en jafnframt mætti ekki horfa fram hjá því í umræðunni hvað væri búið að gera, t.d. með hönnun starfstengdra námsbrauta í skólum. Fram kom í umræðum að það væri lykilatriði að Stjórnstöðin færi að taka ákvarðanir en til þess þyrfti að mati iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrst að koma umræðunni af stað til að þær ákvarðanir sem svo væru teknar hefðu breiðan stuðning á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Þá kynnti Óskar ný verkefni Stjórnstöðvarinnar, þ.e. *samhæfingu, einföldun og aukna skilvirkni innan stjórnkerfis ferðaþjónustunnar og þarfir ferðaþjónustunnar í samgöngumálum*. Hann lagði til að utanaðkomandi ráðgjafi yrði fenginn til að greina aðstæður í stjórnkerfinu frekar og gera tillögur, en mikilvægt væri að viðkomandi væri óháður hagsmunaaðilum og hefði sérfræðipækkingu til að bera. Ef þetta gengi eftir yrði jafnvel hægt að koma með tillögur til ráðherra og stjórnar um áramót. Fundarmenn ræddu þessa nálgun og mögulegan vanda við að finna nægilegan fróðan og óháðan aðila. Þá var rætt um frekari afmörkun verkefnisins, annars vegar skilvirkni í stjórnsýslunni og hins vegar mikilvægan heildstæðan lagaramma um greinina. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra kvað mikilvægt að hugsa málið út frá því hvað gert yrði ef verið væri að skipuleggja ferðaþjónustuna eins og hún er núna frá upphafspunkti þannig að hún yrði sem skilvirkust. Varðandi þarfir í samgöngumálum kom fram að áætlaður bráðakostnaður lægi að hluta til fyrir og mögulega væri hægt að nota áætlanir um aukningu ferðamanna sem stjórnþæki í þeim efnum. Fram kom að Isavia byggist við meira en 2 milljónum ferðamanna til landsins á næsta ári og þessi gríðarlegi vöxtur myndi halda áfram, en almennt hefði tekist vel til. Þá kom fram að hugsa þyrfti til þess að ýmsir væru

fastir í gjaldmiðlasamningum sem þeir losnuðu ekki úr og það bitnaði á framlegð og hagnaði fyrirtækja.

Loks kynnti Óskar rekstrarumgjörð Stjórnstöðvar ferðamála sf. og boðaði að tölulegar upplýsingar væru væntanlegar fyrir stjórnina fljótlega. Rætt var um mikilvægi þess að stjórn og tengiliðahópur settu sér starfsreglur til að tryggja að ráðherrar fengju nægjanlegar upplýsingar milli funda og Óskari falið að koma því verkefni í höfn. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra sagði að án þess yrði stjórnstöðin ekki sá samræmingarvettvangur sem henni væri ætlað að vera. Þessum fundi hefði hins vegar verið ætlað að lýsa stöðunni en mikilvægt væri að vinnan við endurskoðun stjórnkerfisins færi af stað fyrir kosningar svo að grunnurinn lægi fyrir strax að þeim loknum.

3. Staða vinnu vegna gerðar innviðaaætlunar, sbr. l. nr. 20/2016, um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Málið var tekið af dagskrá að beiðni umhverfis- og auðlindaráðherra þar sem kynningin væri of tímafrek m.v. þann tíma sem stjórnin hefði til ráðstöfunar. Ákveðið var að boða til aukafundar um málið innan skamms. Ráðherra dreifði minnisblaði frá UAR um málið.

4. Önnur mál.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra gerði grein fyrir ferð sinni til Portúgal á dögnum og kvað margt hægt að læra af heimamönnum um menntamál og uppbyggingu í greininni.

Fram kom að á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga væri unnið að skýrslu um sýn sveitarfélaganna á gjaldtökumálin sem vonandi yrði tilbúin til umræðu á næsta fundi. Áfram var rætt um hvort kynna ætti gjaldtökuskýrslu SF á fyrirhuguðum kynningarfundum í september og þau sjónarmið komu fram að lítið væri á því að græða að leggja til grundvallar skýrslu um ýmsar leiðir þegar taka þyrfti ákvörðun um eina leið. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra kvaðst vilja koma staðreyndum inn í umræðuna en féllst á að skýrslan yrði áfram skoðuð milli funda. Þá kom aftur fram að mikilvægt væri að mál kæmu fullbúin til ákvarðanatöku inn á fundi stjórnarinnar, þess á milli væri nægjanlegt að hafa tengiliðafundi.

Ákveðið var að fastur fundartími yrði kl. 8:30 fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.